

Áburður og áburðarnotkun

Ingvar Björnsson, ráðunautur RML

Sjaldan er góð vísa of oft kveðin! Hér skal minnt á gildi þess að skipuleggja áburðarnotkun og gera áburðaráætlanir. Sérstaklega þarf að huga að því að nýta búfjáraburð (og eftir atvikum annan lífrænan áburð) sem best –það dregur úr áburðarkostnaði. Áburðaráætlanir eru besta tækið til að tryggja rétta notkun áburðar. Áburðaráætlanir eru unnar í jarðræktarskýrsluhaldsgrunninum jörð.is.

Áður en hafist er handa við gerð áburðaráætlunar þarf eftirfarandi að liggja fyrir:

- *Númer eða nafn spildu*
- *Stærð í ha*
- *Jarðvegsgerð –mat á frjósemi*
- *Uppskeyra fyrri ára*
- *Aldur og ástand ræktunar*
- *Plöntutegund í ræktun*
- *Niðurstöður hey- og jarðvegsefnagreininga*

Áburðarskammtar

Þegar fyrrgreindar upplýsingar liggja fyrir er hægt að ákvarða hæfilegan áburðarskammt á hverja spildu samkvæmt eftirfarandi töflu.

Áburðarskammtar til viðmiðunar

Ræktun	kg/ha		
	N	P	K
Tún			
Uppskeyrumikil í góðri rækt -endurræktuð	100-125	15-25	40-60
Uppskeyrulítill í slakri rækt -gömul tún	80-100	10-15	30-40
Á milli slátta	30-50	0-5	0-20
Grænfóður			
Hafrar, bygg, rýgresi	100-140	20-25	40-60
Reþja, mergkál, næpur	100-140	30-40	70-90
Korn á fyrsta ári			
Frjósamt –framræst mýri	20-45	20-30	40-60
Meðal frjósamt-mói	50-80	20-30	40-60
Rýrt –sandur/melur	90-120	20-30	40-60
Korn á öðru ári eða síðar	+20-30		

RÁÐGJAFARMIÐSTÖÐ LANDBÚNAÐARINS

Mikilvægt er að samhengi sé á milli þeirra efna sem tekin eru á brott með uppskeru og þess sem borið er á tún. Séu skoðaðar efnamælingar á heyi og uppskera af túni má reikna það magn sem fjarlæggt er með uppskeru og hafa til hliðsjónar þegar áburðarþörfin er metin.

Uppskera		N í uppskeru kg/ha				P í uppskeru kg/ha				K í uppskeru kg/ha			
Rúllur	Kg	Prótein í heysýnum g/kg				P í heysýnum g/kg				K í heysýnum g/kg			
á ha	þe/ha	120	150	180	210	2	2,5	3	3,5	10	15	20	25
5	1250	24	30	36	42	3	3	4	4	13	19	25	31
10	2500	48	60	72	84	5	6	8	9	25	38	50	63
15	3750	72	90	108	126	8	9	11	13	38	56	75	94
20	5000	96	120	144	168	10	13	15	18	50	75	100	125
25	6250	120	150	180	210	13	16	19	22	63	94	125	156
30	7500	144	180	216	252	15	19	23	26	75	113	150	188

Búfjáraður

Þegar heildaráburðarþörf hefur verið ákvörðuð út frá þeim gögnum sem liggja fyrir er hægt að áætla/reikna það magn búfjáraðrar sem fellur til á búinu og á hvaða spildur skuli bera hann.

Mykja eftir mjólkurkú –17% þurrefni	12 tonn/ári
Vatnsblönduð mykja –6% þurrefni	30 tonn/ári
Tað eftir kind	400 kg/ári
Tað eftir hest	20 kg á innistöðudag
Skítur eftir fullorðið svín	4 tonn/ári
Skítur eftir grís	2 tonn/ári

RÁÐGJAFARMIÐSTÖÐ LANDBÚNAÐARINS

Þegar áburðargildi búfjáráburðar er metið þarf að hafa í huga að nýting áburðarefna veltur á aðstæðum við geymslu og dreifingu og dreifingartíma. Þannig nýtist búfjáráburður sem borinn er á í byrjun gróanda að vori mun betur en áburður sem borinn er á seint að hausti eftir að næringarefnaupptöku plantna lýkur.

Búfjáráburður, áætlað nýtanlegt efnainnihald (við góð skilyrði)

Búfjáráburður	Þurrefni %	N kg/tonn	P kg/tonn	K kg/tonn
Kúamykja -haustdreifing	6	1,4	0,5	1,2
Kúamykja -vordreifing	6	1,8	0,5	1,6
Sauðatað -haustdreifing	30	3,0	2,0	4,0
Sauðatað -vordreifing	30	4,5	2,0	6,0
Sauðamykja -vordreifing	10	1,5	0,7	2,0
Hrossatað	20	2,0	1,0	3,0
Svínaskítur	10	3,0	1,5	2,5

Áburðaráætlunin

Þegar áburðarþarfir hafa verið ákvarðaðar og magn búfjáráburðar á hverja spildu áætlað þarf að finna tilbúinn áburð sem uppfyllir mismun á þörfum og þeirra áburðarefna sem úr búfjáráburði koma.

Önnur næringarefni en NPK

Rétt að geta þess að plöntur hafa þörf fyrir fleiri næringarefni en köfnunarefni, fosfór og kalí (NPK). Alls þurfa plöntur um 20 næringarefni til vaxtar og fjölgunar. Sum þessara efna fá plöntur í nægjanlegu magni úr jarðvegi en þau efni sem nauðsynlegt er að bera á eftir atvikum nefnast áburðarefni. Þau eru auk N, P og K, kalsíum (Ca), magnesíum (Mg), brennisteinn (S), bór (B) og mólýbden (Mo). Yfirleitt er nægjanlegt Ca og Mg í jarðvegi en æskilegt er að áburður innihaldi 2-4% Ca og 1-2% Mg. Kalsíum vegur á móti sýringu jarðvegs af völdum áburðar og Mg skilar sér að einhverju leyti í fóður. Rétt er þó að benda á að hægt er að ná sömu áhrifum með því að kalka ræktunarjörð og gæta þarf að Mg-innihaldi fóðurs þó áburðurinn innihaldi magnesíum. Á þurru landi s.s. mólendi, sandjörð, eyrum og skriðum þarf að bera á 8-12 kg/ha af brennisteini eigi full uppskera að nást. Allur almennur túnáburður ætti því að innihalda 2-4% brennistein. Há gildi brennisteins eru hins vegar óæskileg og valda sýringu jarðvegs.